

Alþingi, nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

23. mars 2015

**Efni: Umsögn KFUM og KFUK, og Bandalags íslenskra skáta um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt – 411. mál, þskj. 608.**

KFUM og KFUK og Bandalag íslenskra skáta (hér eftir sameiginlega “umsagnaraðilar”) senda frá sér eftirfarandi umsögn er varðar framkomnið frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í stuttu máli leggja umsagnaraðilar áherslu á eftirfarandi:

- Grunnhugmynd frumvarpsins er í meginatriðum fagnað.
- Bent er á að laga þarf frumvarpið svo það nái einnig til viðurkenndra æskulýðssamtaka s.s. KFUM & KFUK og Skátanna, **að öðrum kosti mismunar frumvarpið aðilum.**
- Núverandi virðisaukaskattsumhverfi virðisrýrir gjafir til æskulýðsfélaga og fórnfúst starf sjálfbóðaliða.

Þá leggja umsagnaraðilar til meðfylgjandi breytingartillögu við frumvarpið

## **I. Frumvarpinu fagnað**

Umsagnaraðilar styðja grundvallarhugmyndafræði sem liggur að baki frumvarpinu; að mikilvægt sé að styðja við íþróttá- og æskulýðsstarf sem byggir starfsemi sína og afkomu á fórnfúsum gjöfum almennings og dýrmætu starfi sjálfbóðaliða. Frumvarpið er jákvætt skref í átt að framangreindu, enda munu gjafir til íþróttahreyfingarinnar sem og viðurkenndra æskulýðsfélaga, ef meðfylgjandi breytingartillaga verður til greina tekin, nýtast til fulls ef frumvarpið verður að lögum.

## **II. Jafnræðið kallar á breytingar**

Frumvarpið má ekki einskorða við íþróttafélög heldur er nauðsynlegt að það nái til annarra viðurkenndra æskulýðssamtaka s.s. starfs Skáta og KFUM og KFUK.

Eins og frumvarpið stendur núna *mismunar* það æskulýðsfélögum. T.d. gerir það greinarmun á byggingu skíðaskála og byggingu skátaskála. Slík mismunun gengur ekki og brýtur gegn grundvallar hugmyndum um sanngirni og jafnræði aðila sem starfa að sömu hugsjónum. Því leggjum við til meðfylgjandi einfaldar breytingar á frumvarpinu.

## **III. Síðbúin leiðrétting - Allir vinna**

Á árunum eftir hrun stóð ríkisvaldið fyrir verkefninu *Allir vinna*, þar sem einstaklingar voru hvattir til viðhalds og nýframkvæmda með því að gefa þeim færi á endurgreiðslu VSK af kostnaðinum. Verkefnið náði ekki til íþróttá- og æskulýðsfélaga sem segja má að hafi *lent á milli skips og bryggju*. T.d. náði verkefnið ekki til framkvæmda við nýjan skála í Vatnaskógi, en náði á sama tíma til sumarbústaða sem einstaklingar voru að smíða hinu megin við girðinguna.

 HS

Verkefnið *Allir vinna* gaf fordæmi. Með frumvarpinu lítum við svo á að röðin sé núna komin að íþróttá- og æskulýðsstarfinu.

#### IV. Aðgerðir nauðsynlegar - Mikill skortur á viðhaldi fasteigna

Líkt og hjá íþróttafélögunum verður rekstur fasteigna, endurnýjun og viðhald þeirra sífellt stærri útgjaldaliður hjá hreyfingum umsagnaraðila. Mæta þarf auknum kröfum til öryggis og aðgengis og í kjölfar hrunsins hafa mörg viðhaldsverkefni þurft að bíða.

Tekjuskerðing sem félagasamtök umsagnaraðila hafa tekið á sig í kjölfar hrunsins hefur bitnað alvarlega á viðhaldi fasteigna. Þörfin á viðhaldinu minnkar þó ekki með tímanum, vandanum er einfaldlega varpað á þá sem taka við félögunum á komandi árum.

#### V. Mikilvægur hvati - jákvæð áhrif á félög og atvinnulíf

Ef settar eru 5 milljónir í viðhald á félagshúsi í dag, fer tæp milljón af þeim fjármunum beint til ríkissjóðs. Það virðisrýrir gjafir einstaklinga til verkefnisins. Nái frumvarpið fram að ganga, má ráðgera að félagasamtök sem okkar framkvæmi fyrir a.m.k. 20% meira en þau annars hefðu ráð á.

Verði frumvarpið að lögum með breytingartillögunni felst í því mikilvægur hvati til aukins drifkraftar í æskulýðsfélögum. Bæði hvati til aukinnar söfnunar en jafnframt aukinnar notkunar á fjármunum til viðhalds og endurbóta á félagshúsum og starfsaðstöðu. Slíkt yrði jafnframt mikilvæg innspýting í atvinnulífið.


#### VII. Mikilvægi réttra skilgreininga félaga

Umsagnaraðilar telja mikilvæga forsendur framgangs frumvarpsins vera sú að íþróttá- og æskulýðsfélög séu rétt skilgreind. Í frumvarpi því sem lagt hefur verið fram er við það miðað að félög séu aðilar að ÍSÍ.

Sambærilegt viðmið liggur beint við hvað viðurkennd æskulýðsfélög varðar. Gera má þá kröfu að æskulýðsfélög séu aðilar að Æskulýðsvettvangnum. Skilgreiningarvandi ætti því ekki að stöðva framgang frumvarpsins eða meðfylgjandi breytingartillögu umsagnaraðila.

Fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi og Bandalags íslenskra skáta, óskum við eftir að mæta á fund með nefndinni og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum okkar og svara þeim spurningum sem nefndin kann að hafa.


Virðingarfyllst, f.h. umsagnaraðila



Tómas Torfason,

framkvæmdastjóri KFUM og KFUK

**KFUM og KFUK**



Hermann Sigurðsson,

framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta

**Skátarnir**

# Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: [...]

1. Við 1. gr.

Í stað orðsins „íþróttafélaga“ í 1. gr. komi: íþrótt- og æskulýðsfélaga.

2. Við 2. gr.

Í stað orðanna „íþrótt- og ungmennafélögum“ komi: íþrótt-, æskulýðs- og ungmennafélögum.

Greinargerð.

Tilgangur breytingatillögu þessarar er að styðja við hinn mikilvæga málaflökk sem æskulýðsmálin eru og tryggja að jafnræðis sé gæti í lögum milli íþróttafélaga og annarra viðurkenndra æskulýðsfélaga. Að tryggja að umrædd lög séu ekki bundin við íþróttastarfið eingöngu, heldur nái einnig til annars æskulýðsstarfs á Íslandi.

Breytingartillaga þessi er í fullu samræmi við og styður markmið stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a.: "Ríkisstjórin leggur áherslu á mikilvægi íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsmála og samþættingu leiks og náms eftir því sem kostur er. Stuðla ber að því að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarngildi."

Öll þau rök sem tilgreind eru í greinargerð með upphaflegri tillögu um mikilvægi íþróttastarfsins fyrir æsku landsins eiga ekki síður við um starf annarra æskulýðsfélaga.

Með æskulýðsfélögum í tillögu þessari er átt við viðurkennt æskulýðsfélag í skilningi æskulýðslaga nr. 70/2007, s.s. KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalags íslenskra skáta, og annarra sambærilegra félagasamtaka sem jafnframt njóta viðurkenningar gegnum aðild að landssamtökum æskulýðsfélaga s.s. Æskulýðsvettvanginum. Er slíkt viðmið aðildar sambærilegt viðmiði því sem fram kemur í greinargerð með upprunalegu frumvarpi sem gerir ráð fyrir aðild íþróttafélaga að ÍSÍ.

